

Fundur stjórnar ÆSKP 10. nóvember 2021 á Zoom

Mætt: Berglind, Máni, Hákon Darri, Sóley Adda og Daníel Ágúst. Einnig sitja Jóhanna Ýr og Kristján Ágúst fundinn.

Fundur hófst kl. 18.02.

Landsmót 2021

Kristján Ágúst var beðinn um að mæta á fundinn til að gera upp Landsmót 2021 sem var rafrænt.

Óvissa hafði verið með Landsmótið vegna samkomutakmarkanna, þar sem upphaflega var það undirbúið sem staðmót en endaði á að vera fjarmót í gegnum netið. Tekin var þó tímanlega ákvörðun að breyta yfir í farmót. Á fjarmóti í fyrra tóku þátttakendur þátt heiman frá sér en í þetta sinn var það haldið í kirkjunum. Kristjáni fannst mótið ganga vel miðað við aðstæður og þá óvissu sem að mótsnefndin hafði lifað við. Hann er þakklátur æskulýðsfélagunum fyrir þolinmæðina sem var sýnd á meðan nefndin vann úr hvernig mótið ætti að lýta út.

Það voru fjórar kirkjur á höfuðborgarsvæðinu sem að tóku þátt og voru með gistinótt í kirkjunum. Auk þess voru sex kirkjur sem tóku þátt á Austfjörðum. Heildarfjöldinn liggur ekki ennþá fyrir en Kristján áætla um 150 þátttakendur.

Dagskráin sem var haldin á laugardeginum var nokkuð skemmtileg, en alltaf má fínþússa eitthvað með reynslunni. Viðbrögð þeirra sem Kristján hefur haft samband við fyrir Sunnan hafa verið mjög ánægjuleg.

Farið var í Escape Room. Bella, Máni og Anna Lilja báru mikinn þunga af því að undirbúa það með Kristjáni. Leikurinn heppnaðist mjög vel en mismunandi var eftir kirkjum hvort að tíminn þótti of langur eða passlegur. Hlutfallið af þeim sem kláruðu leikinn á þessum tíma var þó mjög gott, sem merkir að leikurinn var ekki of auðveldur. Í leiknum var meðal annars reynt á kirkju- og biblíufróðleik.

Kristján gerði einnig yfirlit um tæknimálin til að varðveita ef svona mót verður haldið aftur sem hann sendi á framkvæmdarstjóra. Við fengum mikið af tæknibúnaði lánaðan sem var mikill styrkur fyrir mótið.

Að viðburði loknum hófust umræður hvort að rafrænn viðburður ætti að verða árlegur hjá ÆSKP óháð Landsmóti. Kristján segir að það megi vel íhuga það og skoða. Sem dæmi væri hægt að tengja kirkjur saman í bænastund á Vaktu með Kristi.

Kvöldvakan var „rífandi skemmtileg“ samkvæmt Kristjáni, og ókeypis innanbúðaratriðin voru ekki síðri en þau sem fjárfest var í. Keyptu skemmtikraftarnir, VHS, voru misgóðir, en einn þeirra náði sérstaklega að ná til þátttakenda í gegnum Zoomið. Það er eiginleiki sem við þurfum að leitast eftir ef við þurfum að fá skemmtikrafta á svona vettvang aftur. Það var flóknara en vanalega að manna í undirbúning fyrir þetta mót þar sem verkefni lágu ekki alveg fyrir, svo mesti þunginn var á Kristjáni og þeim litla hópi sem landsmótsnefndin stóð saman af. Anna Lilja kom þá sterk inn í tæknimálin.

Kristján endar á að segja að hann sé stoltur af þessu fjarmóti og fengið hrós víða frá fólki sem var á mótinu eða tengdist því. Sr. Þorvaldur Víðisson sem var með helgistundina hefur ítrekar sagt hvað þetta var flott og skemmtilegt. Það er mikilvægt að hóparnir gátu komið saman og hist í sínum safnaðarheimilum á meðan það var ennþá mögulegt. Það kom aldrei til greina að gera ekki neitt og láti mótið falla niður. Þátttakendur þessa móts eru framtíð kirkjunnar og styrkur hennar.

Jóhanna Ýr tekur við, en hún kom inn í undirbúninginn á lokastiginu og hrósar Kristjání og mótsnefnd fyrir mótið. Mótið fær mikinn styrk árlega í vinnu og tækjum, sem myndi kosta hundruð þúsunda. Þannig fáum við ýmiskonar styrki sem eru ekki peningastyrkir.

Framkvæmdarstjóri

Jóhanna Ýr er mjög glöð yfir því að starfa með okkur og aftur með ÆSKP. Hún hefur verið að koma sér inn í starfið og fara yfir heilmikið af efni, þar á meðal sem tengist stefnumótunarmáli æskulýðsstarfanna. Fyrsta verkefnið hennar var Landsmótið.

Skyndihjálparnámskeið

Námskeiðið tókst vel en Jóhanna Ýr hefði viljað sjá meiri mætingu. Námskeiðið er fjórir klukkutímar og margir voru orðnir þreyttir í lokin. Væri hægt að tengja þetta við Janúarnámskeið næst eða finna námskeiðinu hentugri tímasetningu?

Fundur á biskupsstofu

Bella og Jóhanna Ýr fóru á fund með biskupi og starfsfólki á biskupsstofu. Þar var meðal annars fjallað um þá styrki sem ÆSKP fær og hvernig unnið er með þá. Biskupsstofa kallar eftir meira samstarfi við ÆSKP, þar á meðal að komast inn á vettvanginn Náum áttum. Áherslumál biskups eru skírinn og umhverfismál, en umhverfismál eru virkur hluti af stefnu ÆSKP. Kallað var eftir auknum sýnileika. Einn af styrkleikum nýja framkvæmdastjórans eru markaðsmál þetta er kall sem hún er vel undirbúin að fylgja. Bella og Jóhanna Ýr fara aftur á fund seinna í nóvembermánuði.

Kynningarmál

Jóhönnu Ýr langar til að nýta heimasíðuna betur og kynna æskulýðsstörfin betur út um allt land, eins og með vitnisburðum frá þátttakendum, leiðtogum og prestum. Jóhanna Ýr ætlar að byrja að leggja plan fyrir kynningarmál, sem geta þá hafist strax í upphafi 2022 með nýjum lið á heimasíðunni „æskulýðsfélag mánaðarins“. Bella og Jóhanna Ýr vilja fara í hringferð um landið til að kynna æskulýðsstarfið og taka stöðuna hvernig æskulýðsstarfið gengur á hverjum stað. Við viljum vita hvað ÆSKP getur gert til að aðstoða. Efla ráðgjafahlutverk ÆSKP.

Janúarnámskeið

Það er vilji til að efla vettvang leiðtoga, bæði til að styrkja starfið og einnig til að hafa gaman saman. Hugmynd er að hafa námskeiðið helgina 6-7. janúar, sem er önnur helgin eftir áramót, sem er vanalega róleg hjá mörgum. Hugmyndin er að árshátíðin yrði á föstudagskvöldinu, en námskeiðið sjálft á laugardeginum.

Við skynjum mikil þyngsli hjá leiðtogunum vegna aðstæðna síðustu mánaða vegna faraldursins. Því þurfum við að bjóða upp á eitthvað uppbyggilegt og skemmtilegt.

Be One

Þann 20-23. janúar er leiðtogaráðstefnan Be One í York fyrir leiðtoga á aldrinum 18-30 ára. Gjaldið er 100 pund.

Aðalfundur

Bella kemur með hugmynd, sem kemur frá skátunum, að leiðtogar hafa ekki kosningarrétt á aðalfundi nema að þeir hafa skilað sakaskrá. Það gæti tekið gildi á aðalfundi 2023.

Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn fyrir jól, eftir næsta fund á biskupsstofu. Tímasetning verður ákveðin seinna.

Fundi slitið kl. 19.12.